

Umhverfisnefndarfundur starfsmanna

10. júní 2022

Mættar: Guðrún, Sigurbjörg og Eyrún ritar fundargerð

1. Farið var yfir hvað var gert í vetur út frá fundargerðum og aðgerðaráætlun. Skrifað mat inn í excel skjalið: Aðgerðaráætlun grænfána 2021-2023.
2. Vantar fundargerð um svissnesku hugmyndirnar og verkin sem þau unnu í kringum það. Guðrún gerir.
3. Vantar fundargerð um útielddhúsið. Eyrún gerir í samstarfi með Báru.

Í vetur var áætlað að gera þjóðerni sem eru innan leikskólans sýnileg með *velkomin* skilti. Byrjað var á þessari vinnu, búið var að mála *velkomin* stafi og klippa út. Einnig var búið að útbúa *velkomin* á frönsku þar eitt frönskumælandi barn er í umhverfisnefnd barna. Sú vinna stoppaði þegar stór hluti Regnbogabarna þurfti að sækja leikskóla tímundið í tæpan mánuð í Heiðarskóla. Haldið verður áfram með þessa vinnu í ágúst.

Í vetur var einnig áætlað að börnin gerðu í samstarfi við foreldrana veggspjöld með heimamenningu sinni. Við komumst ekki af stað með þetta verkefni en stefnum á það strax í haust.

Við höfum aðeins verið að vinna að því að kynna ólíka menningarheima fyrir börnunum og aðstæðna jafnaldra þeirra í fjarlægðum löndum. Haldið verður áfram með þá vinnu. Við höfum verið dugleg að syngja á ólíkum tungumálum í sameiginlegum söngstundum 1x í viku, s.s. ensku og pólsku.

Við byrjuðum að vinna að útielddhúsi og drullumalli á leikskólalóðinni. Einn góður faðir ásamt afa útbjó útielddhús og gaf okkur. Við höfum verið að fresta því að fá mold og sand því það eru svo margir kettir í hverfinu okkur núna og nýr sandur og mold yrði líklega bara flott klósett fyrir þá. Við höfum því verið að hugsa hvernig hægt sé að útbúa þetta þannig hægt sé að loka svæðinu eða loka yfir moldina og sandinn.

Farið hefur verið í reglulegar göngu og/eða vettvangsferðir í vetur. Einnig hafa börnin farið í reglulega hugarfrelsisstund þar sem farið er í jóga, hugleiðslu, slökun og/eða nútíttundaræfingar. Allir foreldrar hafa verið hvattir til að koma með vatnsbrúsa að heiman fyrir barnið sitt. Er þetta vel komið í sessi á Dropanum og brúsum fer hratt fjölgandi á Regnboganum.